



## Borgarráð

**Tillaga um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2019**

Auglýst var eftir umsóknum um styrki úr Miðborgarsjóði Reykjavíkurborgar þann 8. apríl 2019 og var umsóknarfrestur til 29. apríl 2019. Alls bárust 39 umsóknir samtals að fjárhæð um 114 m.kr. Til úthlutunar úr Miðborgarsjóði eru samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 30 m.kr. Á fundi verkefnisstjórnar miðborgarmála þann 14. maí 2019 verða þessar tillögur að úthlutun kynntar.

Lagt er til að eftirtalin verkefni fái styrk úr Miðborgarsjóði fyrir árið 2019, fjárhæðir í krónum talið:

Qigong og Tai chi á Klambratúni	400,000 ISK
Sveinstorg, markaðsetning og viðburðir	1,500,000 ISK
Kátt á Klambra	1,000,000 ISK
Behind changing windows: understanding shop changes in Miðborg	1,000,000 ISK
Upplýsingaapp um þjónustu í miðborg	3,000,000 ISK
Heil brú og kynning á starfssemi ÍMR	700,000 ISK
R6013 tónleika- viðburða- æfinga- og upptökurými	500,000 ISK
Götubita hátíðina í Reykjavík (Street Food Festival)	3,000,000 ISK
Myndavélastanda (Selfie Station)	500,000 ISK
Jaðarlistahátíðin RVK Fringe	1,000,000 ISK
Brunnlök í miðborg Reykjavíkur - kennileiti miðborgar	2,000,000 ISK
Ókeypis dagskrá í OPEN	500,000 ISK
Fjölbreytt verslun og þjónusta í miðborginni, markaðssetning og fl.	11,500,000 ISK
Kortlagning íslenskra hönnunarverslana í miðbænum.	900,000 ISK
Markaðurinn á horninu	1,500,000 ISK
Loft-Slag samstöðutónleikar	1,000,000 ISK
	<b>30,000,000 ISK</b>

Nánari upplýsingar um verkefnið sem lagt er til að verði styrkt má sjá í meðfylgjandi yfirlitsskjali. Í kjölfar samþykktar borgarráðs verður gengið frá úthlutun og samningum eftir því sem við á í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins og styrkjareglur Reykjavíkurborgar.

Stefán Eiríksson, borgarritari

Hjálagt:  
Fylgigögn með tillögum um úthlutun úr Miðborgarsjóði 2019.

Verkefni	Umsækjandi	Stutt samantekt	Sótt um upph.	Úthlutun
Qigong og Tai chi á Klambratúni	Tveirheimar slf	<b>Styrkt er um kaup á hljóðkerfi, undirbúningvinnu og kynningarstarfssemi á Qigong og Tai á Klambratúni.</b> Um 1500 manns mættu í heildina á Klambratún sumarið 2018. Kennt er tvisvar í viku á þrið. og fimmt. kl. 11:00. frá 20.júni til 20. ágúst. Qi gong og Tai chi eru hugleiðslu- og orkuæfingar sem allir geta tekið þátt í, óháð aldri. Uppruni æfinganna er í Kína og eru þær stundaðar í almenningsgörðum víða um heim. Þar á meðal Central Park í New York. Að hreyfa sig í takt við náttúruöflin í miðri borg, í hóp gefur af sér tilfinningu samkenndar og friðar sem má ávallt boða meira af í öllum samfélögum, þar á meðal í miðborg Reykjavíkur.	900,000 ISK	400,000 ISK
Sveinstorg, markaðsetning og viðburðir	Session ehf	<b>Styrkt er að efla Sveinstorg, einn fjölfarnasta stað miðborgarinnar þar sem eru ótal tækifæri fyrir rekstraraðila í nálægð við torgið.</b> Um ræðir að styrkja viðburði og bráðabirgða "torg" sumarið 2019. Sveinstorg er á svæði sem er innan marka á fyrsta áfanga að varnanlegum gögnugötum og fer því í heildar hönnunarferli samhliða því. <b>Verkefnið er styrkt með þeim fyrirvara</b> að unnið sé náð með verkefnastjóra borgarhönnunar ásamt samvinnu allra rekstraraðila í nálægt við torgið.	3,000,000 ISK	1,500,000 ISK
Kátt á Klambra	Jóna Elísabet Ottesen	<b>Styrkt er að styðja við barnahátíðina Kátt á Klambra sem haldin er í fjórða sinn á Klambratúni sumarið 2019.</b> Miðborgarsjóður tók ákvörðun um að styrkja hátíðina í fyrra með þeim skilmálum að ekki verði selt inn á hátíðina. Forsvarsmenn hátíðarinnar afþökkuðu styrkinn þar sem ekki var rekstargrundvöllur fyrir þeim skilmálum. Búið er að funda með forsvarsmönnum hátíðarinnar og MOF varðandi þetta. Hátíðin gefur miða til barna og foreldra flóttafólks, í gegnum Rauða krossinn, fjölskylduhjálp og aðrar stofnanir. Aðgengi fyrir fatlaða er gott og öryrkjum er veittur afsláttur og ekki kostar inn fyrir fylgdarmenn. Fjölbreytt miðborg fyrir börn og barnafólk hefur ávallt verið eitt að grunngildum verkefnisstjórnar miðborgarmála og er vonast til að með þessum styrk í ár sé hægt að gefa enn fleiri miða á hátíðina.	2,000,000 ISK	1,000,000 ISK

Behind changing windows: understanding shop changes in Miðborg	Anne-Cécile Mermet	<b>Styrkt er rannsóknarverkefni þar sem skoðað eru breytingar á verslunarrekstri í miðborg Reykjavíkur.</b> Anne-Cécile Mermet er dósent við Panthéon-Sorbonne háskólann í Frakklandi. Anne-Cécile hefur áður unnið að rannsókn fyrir Ferðamálastofu og Íbúðalánasjóð um þróun framboðs og landfræðilega dreyfingu Airbnb á höfuðborgarsvæðinu. Sú rannsókn var t.d. kynnt í Tjarnarsal í apríl 2019. <b>Verkefnið er styrkt með fyrirvara</b> um samvinnu við verkefnastjóra miðborgarmála.	2,870,000 ISK	1,000,000 ISK
Upplýsingaapp um þjónustu í miðborg	Miðbæjarfélagið í Reykjavík	<b>Styrkt er við gerð og hönnun á rafrænum miðli (APP) fyrir verslun, þjónustu og viðburði í miðborg Reykjavíkur.</b> Miðillinn, birtingaform og kynning stendur öllum rekstraraðilum miðborgarinnar, stórum og smáum, til boða þeim að kostnaðarlausu. Þegar er komið samstarf með 77 veitingahús, 82 verslunum, 28 söfnum og galleríum í póstnúmeri 101.	6,005,000 ISK	3,000,000 ISK
Heil brú og kynning á starfssemi ÍMR	Íbúasamtök miðborgar	<b>Styrkt er við íbúasamtök miðborgarinnar til að standa straum af kostnaði við samfélagsverkefnið Heil brú 2019-20 og til kynningar á starfssemi ÍMR ásamt upplýsingagjöf til íbúanna.</b> ÍMR heldur smiðjur, málþing og ýmsar aðrar upptökur í Spennustöðinni félags og menningarmiðstöð miðborgarinnar. Verkefninu var hleypt af stokkunum til að tengja saman alla notendur Spennustöðvarinnar og eru einkunnarorð þess: Sköpum, ræðum og leikum okkur saman. Uppákomurnar í Heilli brú eru ætlaðar öllum íbúum í miðbænum.	1,550,000 ISK	700,000 ISK
R6013 tónleika- viðburða- æfinga- og upptökurými	Ægir Sindri Bjarnason / R6013	<b>Styrkt er grasrótastarf í R6013 þar sem, ásamt fleiru, er lögð áhersla á tónlist.</b> R6013 höfðar m.a. að kynjajafnrétti í skipulögðu tónleikahaldi ásamt því að höfða til ungs tónlistarfólks. R6013 hefur verið starfrækt í um 2 ár. <b>Verkefnið er styrkt með þeim fyrirvara</b> að ávalt sé hugað að nærumhverfinu varðandi ónæði og að hávaðatakmark séu virt.	3,000,000 ISK	500,000 ISK

Götubita hátíðina í Reykjavík (Street Food Festival)	Reykjavík Street food	<b>Styrk er við Götubitahátíð á miðbakkanum í sumar, nt.t. frá 19-21 júlí</b> Samhliða hátíðinni verður haldin keppni um Götubitinn 2019 og mun vinnigshafinn keppa fyrir hönd Íslands í European Street food awards í Malmö í lok september. Matarmenning og götumatur er vinsæll um allan heim og er þetta því í fyrsta sinn sem Ísland á möguleika á að eiga fulltrúa í keppninni. Markmiðið er að gera keppnina að árlegum viðburði. Verkefnið er styrkt með þeim fyrirvara að unnið verði með verkefnastjóra borgarhönnunar.	5,000,000 ISK	3,000,000 ISK
Myndavélastanda (Selfie Station)	Þórarinn Árni Pálsson	<b>Styrkt er að setja upp Selfie standa sem stendur til að reisa í miðborginni.</b> Umsækjendur fóru með þetta verkefni í gegnum Viðskiptahraðal Startup Tourism og hafa fengið vilyrði fyrir að setja búnaðinn upp í borgarlandinu. <b>Verkefnið er styrkt með þeim fyrirvara</b> að unnið sé með verkefnastjóra borgarhönnunar ásamt höfuðborgarstofu um staðsetningu standanna.	998,999 ISK	500,000 ISK
Jaðarlistahátíðin RVK Fringe	Menningarfélagið Hneykslist	<b>Styrkt er við hátíðina RVK Fringe Festival sem haldin verður 29. júní - 6. júlí 2019.</b> Hátíðin vex hratt en þau fengu einnig styrk frá miðborgarsjóði í fyrra. Á hátíðinni í ár eru um 100 sýningar með yfir 200 listamönnum frá 40 löndum á 14 sýningastöðum í borginni. Hátíðin var haldin í fyrsta sinn í fyrra og hefur nú tvöfaldast. Hátíðin þjónar hún bæði íbúum og erlendum gestum í miðborginni.	2,000,000 ISK	1,000,000 ISK
Brunnlok í miðborg Reykjavíkur - kennileiti miðborgar	Kort og krass	<b>Styrkt er verkefni þar sem á að framleiða mynstur á járnlok (brunnlok, brunnrístar, og hitaveitulok) í miðborginni.</b> Verkefnið snýst um að framleiða nýtt útlit á járnlok þar sem unnið er með sögufræga staði, ljóð og sögur, flóru Íslands, listaverk, frímerki og leiðarvísa svo eitthvað sé nefnt. Verkefnið á sér fyrirmynd m.a. í Japan en unnið verður með íslenska sögu. Með verkefninu er ætlað að vekja athygli á áhugaverðum stöðum í miðborginni á jákvæða og skapandi vegu, bæði í borgarlandinu en einnig sem myndbirting á alþjóðavettvangi. <b>Verkefnið er styrkt með þeim fyrirvara</b> að unnið sé með verkefnastjóra borgarhönnunar ásamt höfuðborgarstofu um staðsetningu brunnlökanna.	3,800,000 ISK	2,000,000 ISK

Ókeypis dagskrá í OPEN	Open hópurinn	<b>Styrkt er við dagskrá í sýningarrýminu Open en það er vinnustofa sem hefur verið starfrækt í um eitt ár í Grandagarði.</b> Yfir þúsundir gesta heimsóttu rýmið árið 2018. Open er í senn bæði vinnustofa og listamannarekið sýningarrými sem er stjórnað af Arnari Ásgeirssyni, Hildigunni Birgisdóttur, Unu Margréti Árnadóttur og Erni Alexander Ámundasyni. Miðborgarsjóður styrkti einnig dagskrá Open árið 2018 en í ár er <b>styrkt með þeim fyrirvara</b> um aukna samvinnu við stjórn Menningarnætur.	1,100,000 ISK	500,000 ISK
Fjölbreytt verslun og þjónusta í miðborginni, markaðssetning og fl.	Miðborgin okkar	<b>Styrkt er við samstarfsvettvang rekstrar- og hagsmunaaðila í miðborginni.</b> Miðborgin okkar hefur það að markmiði að efla heildstæða og aðlaðandi miðborg ásamt fjölbreytileika til að stuðla að því að þar þrífist vistvænt íbúðahverfi sem og miðborg verslunar, þjónustu, menningar, stjórnlífs og mannlífs. Markmið Miðborgarinnar okkar er að styðja við viðburði ásamt því að stunda öflugt kynningar- og markaðsstarf jafnt í þágu rekstraraðila, íbúa og gesta miðborgarinnar. Miðborgin okkar beitir sér fyrir betri miðborg og markaðssetningu á henni sem miðstöð mannlífs, verslunar, þjónustu og stjórnsýslu.	23,000,000 ISK	11,500,000 ISK
Kortlagning íslenskra hönnunarverslana í miðbænum.	Eyglo ehf	<b>Styrkt er við hönnun og uppsetning á vefsíðu þar sem íslensk hönnunarverslun er kortlögð.</b> Verkefnið er unnið í nánu samstarfi við verslunareigendur í miðbænum sem og Hönnunarmiðstöð Íslands. <b>Verkefnið er styrkt með þeim fyrirvara</b> að unnið sé með báðum hagsmunaaðilafélögum miðborgarinnar, Miðborginni okkar og Miðbæjarfélaginu ásamt að skoðað verði mögulegt samstarfi við nýjan rafrænan app miðlil Miðbæjarfélagsins.	4,020,000 ISK	900,000 ISK

Markaðurinn á horninu	Mstudio - Innovation Lab	<b>Styrkt er við verkefni þar sem markaðurinn á horninu er í raun "Póstbox" fyrir dreyfingu á mat og fleira því tengdu sem er pantað á netinu ( fyrirtækjum eins og Eldum rétt og Bændur í bænum).</b> Verkefnið yrði þjónusta við breytta kauphegðun þar sem heimsendingarþjónusta fer á einn stað og varan sótt þangað. Lagt er upp með að rannsaka hvort þjónustan bæti lífsgæði borgarbúa, minnki kolefnisspor og styðji við bíllausan lífsstíl. Verkefnið er endurvakin hugmynd frá kaupmanninum á horninu með hjálp nútíma tækni. <b>Verkefnið er stykt með þeim fyrirvara</b> að unnið sé með verkefnastjóra borgarhönnunar um staðsetningar í borgarlandinu.	3,948,896 ISK	1,500,000 ISK
Loft-Slag samstöðutónleikar	Ágústa Sveinsdóttir	<b>Styrkt er við samstöðutónleikana Loft-Slag sem eiga að hvetja til tarfarlausra aðgerða gegn loftslagsbreytingum.</b> Tónleikarnir verða haldnir á Menningarnótt á efstu hæðinni í Traðarkoti og eru í samstarfi við Útvarp 101. Í sumar verður efstu hæð Traðarkots breytt í umhverfisvænan vettvang fyrir sérhæfða markaði og viðburði. Traðarkot verður hluti af Torg í biðstöðu verkefnum Reykjavíkurborgar í ár. Umhverfis- og loftslagsmálefni eru höfð í fyrirrúmi í Traðarkoti en umgjörð svæðisins og viðburðir munu endurspegla það. <b>Verkefnið er stykt með þeim fyrirvara</b> að unnið verði með verkefnastjóra borgarhönnunar ásamt stjórn Menningarnætur.	2,360,000 ISK	1,000,000 ISK
			<b>65,552,895 ISK</b>	<b>30,000,000 ISK</b>